

9. fundur skólanefndar Menntaskólans við Tröllaskaga 20. maí 2010, kl. 14.30 í fjarfundarbúnaði bæjarskrifstofunni Ólafsfirði og bæjarskrifstofunni Siglufirði.

Mættir: Lára Stefánsdóttir skólameistari, Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari, Kristján Hauksson, Bergþór Morthens, Hildur Ösp Gylfadóttir, Helgi Jóhannsson og Jónína Magnúsdóttir.

Skólameistari setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Kosning formanns

Helgi Jóhannsson bauð sig fram til formennsku í nefndinni og Hildur Ösp Gylfadóttir bauð sig fram í embætti varaformanns. Nefndarmenn samþykktu fram komnar tillögur. Formaður tók við fundarstjórn og óskaði Jónu Vilhelmínu til hamingju með aðstoðarskólameistarastöðuna.

2. Innritun

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu umsókna. Nú hafa þrjátíu og fjórir nemendur skráð sig í skólann. Umsóknarfrestur eldri nema er til 31. maí.

3. Kynningarstarf

Skólameistari telur mikilvægt að efla kynningu á skólanum nú á síðustu skráningardögum, en 10 dagar eru eftir af skráningartímanum. Rætt um hvað heppilegast sé í kynningarmálum og ákveðið að leggja áherslu á að gera heimasíðuna virka, auglýsa í auglýsingabæklingum og halda kynningu á fundum.

4. Mannaráðningar

Skólameistari fór yfir stöðu í mannráðningum. Auglýst verður eftir kennurum á næstu dögum í 50% stöðu í ensku, 50% stöðu í dönsku, 50% stöðu í fagurlistum, 25% stöðu í raungreinum og 25% stöðu í íþróttum .

5. Samstarf við Fjallabyggð

Skólameistari gerði grein fyrir fundi með bæjarstjóra Fjallabyggðar og erindi sem hann mun senda bæjarráði vegna samstarfs um miðannaráfanga.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti skólanefndarfundur ákveðinn 10. júní 2010.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00

Fundargerð ritaði Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir